



NOUVEAU CONTOUR®
MASTERS IN MICROPIGMENTATION

Að líta vel út með varanlegri förðun

Varanleg förðun

Allir vilja líta sem best út yfir allan daginn. Hefðbundin förðun getur ekki staðist þessar væntingar en varanleg förðun getur það hins vegar.

Með varanlega farðaðar augabrúnir, augnlínur og varir er átt við að varanleg litarefni eru sett í efri lög leðurhúðarinnar. Með þessum hætti rennur förðunin aldrei til, á meðan þú stundar íþróttir eða heilsurækt, færð þér sundsprett, ennþá fín þegar þú vaknar á morgnanna eða þegar þú ert úti í roki og rigningu, og helst jafnvel þótt þú táríst yfir rómantískri kvikmynd.“

Þannig nærðu fullkomnu útliti 24 tíma sólarhrings, 7 daga vikunnar. Þetta þýðir að þegar hefðbundin förðun er fjarlægð mun andlit þitt ennþá hafa svipmikið yfirbragð. Þú munt hafa meiri tíma aflögu á hverjum morgni þar sem þú þarft ekki að teikna augabrúnir, augn- eða varalínur.



Meðferðin

Varanleg förðun er gerð með mjög fínni nálarsamsetningu sem ferðast hratt upp og niður og skilar þannig húðvænum og öruggum lit ofan í húðina. Markmið varanlegrar förðunar er að koma réttum lit á réttan stað til þess að þú lítir betur út. Við gerð varanlegrar förðunar er nákvæmt handverk og áreiðanlegur búnaður lykilatriði.

Handverk

Það er sjálfgefið að það er mjög mikilvægt að liturinn sé settur í húðina af mikilli nákvæmni. Þegar kemur að færni þá ert þú í góðum höndum hjá Nouveau Contour sérfræðingum. Sérfræðingar í varanlegri förðun eru þjálfaðir af Nouveau Contour kennurum og sérfræðingum en merkið er leiðandi á markaði fyrir varanlega förðun sem og menntun. Sérfræðingurinn þinn hefur lokið stífri þjálfun með öllum þeim sérstöku áherslum sem þarf til þess að gera bestu meðferðirnar.

Áreiðanlegur tækjabúnaður



Þinn sérfræðingur vinnur með sérstöku Nouveau Contour tæki sem inniheldur nýjustu tækni nýjungar á sviði varanlegrar förðunar. Tækið er stafrænt og tölvustýrt sem gerir meðferðina nákvæma upp á brot úr millimetra til að tryggja bestu niðurstöður. Tölvun hefur stjórn á tíðni nálanna með nákvæmni upp á 0,01 sekúndu. Í samræmi við strangar reglur yfirvalda eru nýjar dauðhreinsaðar nálar notaðar fyrir hvern viðskiptavin og mun svo vera fargað eftir meðferðina. Þú getur verið viss um að varanleg förðun frá þínum Nouveau Contour sérfræðingi er alveg örugg.



Meðferðir





Augabrúnir

Varanleg förðun getur hjálpað til við að fylla upp í þunnan eða óreglulegan hárvöxt augabrúna og þannig mótað fallegt augabrúnaform. Einnig er hægt að hylja ör í augabrúnum með húðlitun. Ef þú hefur plokkað augabrúnirnar í mörg ár og hefur ekki mikinn náttúrulegan hárvöxt lengur í þeim, þá getur varanleg förðun hjálpað til við að ná aftur fram fallegum og fullkomnum augabrúnum.






Augu

Augnhár og augnlínur gefa augnum þínum svip. Með varanlegri förðun er hægt að breyta umgjörð augnanna með því að nota mismunandi liti. Augnlínur eru gerðar með því að setja lit inn á milli augnháranna sem gefur mjög náttúrulegt og fallegt útlit. Þú getur fengið allt frá þunnri augnháralínu yfir í svipmiklar augnlínur. Mjög lítil eða mjög stór augu er hægt að færa í meira jafnvægi við andlitð þitt. Hafðu alltaf falleg augu án þess að hafa áhyggjur af því að förðunin þurrkist af.





Varir

Með varanlegri förðun fyrir varir getur þú valið um mjög náttúrulegar útlínur eða lagt enn meiri áherslu á þær. Stór hluti meðferða í varanlegri förðun er leiðrétting vara svo að þær myndi meira jafnvægi. Hægt er að velja um varalínu í þeim lit sem þú óskar en einnig er hægt að velja minna áberandi liti til að ná fram náttúrulegra útliti og til að gefa fölum vörum meiri lit. Með heillitun vara mun ekki þurfa að nota varalit oftar.



„Medical“ örlitun

Varanleg förtun er einnig notuð mikið í læknaheiminum. Ein af algengustu meðferðunum er litun vörtubaugs. Hægt er að búa til nýjan vörtubaug eftir enduruppbyggingu brjósts. Með „medical“ örlitun er einnig hægt að gefa fölum vörtubaugum meiri lit.



Spurningar og svör



Er þetta sárt?

Nei. Þú finnur fyrir þegar meðferðin er framkvæmd en hún er almennt ekki flokkuð sem sársauki. Við getum þakkað nýju tækninni sem er tölvustýrð og staðdeyfandi kremum sem hjálpa við að minnka öll óþægindi. Allir viðskiptavinir eru mismunandi, sumir finna fyrir titring eða kláða meðan aðrir finna ekkert.

Fyrir hvern er varanleg förðun?

Nánast alla. Fyrir konur og karla sem vilja líta vel út allan daginn, fyrir þá sem þurfa leiðréttingar, fyrir fólk með ofnæmi fyrir hefðbundinni förðun, fyrir þá sem eru virkir í íþróttum. Varanleg förðun er við lýði í öllum samfélagshópum.

Hversu lengi varir varanleg förðun?

Almennt mun varanleg förðun alltaf vera til staðar. Styrkleikinn dofnar þó smám saman með tímanum. Þetta er þó mjög misjafnt eftir einstaklingum. Þetta er að hluta vegna náttúrulegrar endurnýjun húðfrumnanna, vegna áhrifa frá ónæmiskerfinu og vegna áhrifa frá útfjöluðum ljósi.

Ef mér líkar það ekki, hvað þá?

Þetta hefur ekki gerst. Áður en við hefjumst handa mun formið verða teiknað. Þú getur í samráði við Nouveau Contour sérfræðinginn valið litinn sem hentar þér best. Aðeins þegar allt er með þeim hætti og ánægja þín sé tryggð, mun litameðferðin hefjast.

Þarf ég að velja litinn sjálf(ur)?

Nei. Þinn Nouveau Contour sérfræðingur fór í sérþjálfun í litufræði og getur gefið þér sérfræðiráðgjöf um hvaða litur hentar þér best. Það er val um meira en 66 liti fyrir allar húðgerðir og það er jafnvel mögulegt að blanda saman sérlit fyrir þig.

Mun ég samt geta notað venjulegan farða?

Já. Varanleg förðun er ekki hugsuð til að koma í staðinn fyrir kvöldförðun, hún er aðallega til að leggja áherslu. Þú getur alltaf sett auka farða fyrir kvöldið.

Get ég gengið beint inn í meðferð?

Áður en meðferð hefst verður alltaf að fara fram viðtal. Meðan á þessari ráðgjöf stendur getur þú rætt við þinn Nouveau Contour sérfræðing um þínar þarfir og hvers konar varanleg förðun á best við. Þú getur tilgreint þínar sérþarfir varðandi varanlega förðun. Auðvitað er gott ráð gefið um hvernig unnt sé að ná besta og fallegasta árangrinum með varanlegri förðun.

Hversu langan tíma tekur meðferðin?

Almennt getur hún tekið 1 til 2 klst., þar með talið ráðgjöf, teikna form, litaval og ferlið við litunina.



Er einhver sérstök eftir meðferð?

Í raun er ekkert sérstakt sem þarf að gera eftir að meðferð í varanlegri förðun er lokið. Til að tryggja að varanlega förðunin fái að njóta sín sem best þá mun Nouveau Contour sérfræðingurinn þinn gefa þér leiðbeiningar um atriði sem gott er að hafa í huga varðandi húðmeðferð.

Er hægt að sjá loka niðurstöðuna strax?

Nei. Fyrstu vikuna er liturinn að jafnaði dekkri en hann mun verða. Eftir fyrstu vikuna mun styrkleiki litarins verða um 40% mýkri. Vegna náttúrulegrar endurnýjunar húðfrumnanna þá mun lokaniðurstaðan verða sjáanleg eftir u.þ.b. 3 til 5 vikur.

Er varanleg förðun örugg?

Já. Við störfum einungis undir ströngu eftirliti stjórnvalda hvað heilsu varðar. Í hverri meðferð er ný dauðhreinsuð nál notuð sem er fargað strax eftir meðferðina.

Fyrir upphæðina sem ég eyði í varanlega förðun get ég keypt marga augnblýanta!

Rétt. En er snyrti- eða förðunarfræðingur á staðnum á hverjum morgni áður en þú lítur í spegil sem mótar augabrúnirnar fyrir þig, teiknar augnlínur eða lagar útlit vara þinna? Fylgir þessi sérfræðingur þér líka í fríð til að laga förðunina um leið og þú stígur úr sjónum eða sundlauginni? Það eru ekki bara útlínurnar, það eru heildarþægindin sem þú munt upplifa á hverjum degi í mörg ár.





Er varanleg förðun sama og húðflúr?


Meginreglan er svipuð. Í báðum tilfellum er litarefni sett í húðina með nálum en aðeins það er sameiginlegt. Tækjabúnaðurinn ásamt samsetningu litarefnanna og aðferðirnar eru allt aðrar.

Er unnt að gera tímabundið húðflúr með varanlegri förðun?

Tímabundið húðflúr er ekki til. Litarefnin í varanlegri förðun dofna þar sem þau fara ekki jafn djúpt í húðina og litasamsetningin er önnur. Þegar hún dofnar þá er það sem eftir er af litnum varla sjáanlegt lengur milli augháranna eða meðfram varabrún. Algjört hvarf á sér þó ekki stað. Svokölluð „tímabundin“ húðflúr dofna líka en þau munu ekki hverfa alveg.



Pinn Nouveau Contour sérfræðingur:



Zirkonia ehf.

Suðurhrauni 1, 210 Garðabæ

sími 555-0411

www.zirkonia.is | info@zirkonia.is

© Copyright 2016 Nouveau Contour BV. Nothing in this publication may be reproduced by printing, photocopying, microfilm or in any manner whatsoever without the written permission of the publisher. Nouveau Contour devotes the utmost attention to the correctness of the information contained in this catalogue. It is impossible, however, to completely exclude mistakes. The information is subject to any typing errors or typesetting errors. any colours displayed may deviate from the original colour due to typographical reasons.

